

ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Nóvember 2024

Verkfallsaðgerðir kennara

Stuðningur

Nær 58% landsmanna styðja verkfallsaðgerðir Kennarasambands Íslands að miklu eða öllu leyti á meðan þrjú af hverjum tíu styðja þær að litlu eða engu leyti.

Kennarar nokkurra skóla eru í verfalli eða hafa boðað verfall á næstunni. Styður þú verkfallsaðgerðir Kennarasambands Íslands eða styður þú þær ekki?




Konur styðja verkfallsaðgerðir kennara frekar en karlar. Fólk undir þrítugu styður þær helst en fólk milli fimmtugs og sextugs síst. Fólk með háskólapróf styður þær frekar en fólk með minni menntun. Þau sem kysu Samfylkinguna ef kosið yrði til Alþingis í dag eru líklegri til að styðja verkfallsaðgerðir kennara en þau sem kysu aðra flokka, en þau sem kysu Miðflokkinn eru ólíklegri til þess en þau sem kysu aðra flokka.

Þau sem sögðu sig eða einhvern nákominn sér hafa orðið fyrir, eða verða fyrir á næstunni, litlum eða nokkrum áhrifum af verfalli kennara eru líklegri til að styðja verkfallsaðgerðir þeirra en þau sem segja sig eða einhvern nákominn sér hafa orðið eða verða fyrir á næstunni miklum eða engum áhrifum af þeim.


Greiningar

■ Styð þær að miklu/öllu leyti ■ Hvorki né ■ Styð þær alls ekki/að litlu leyti



Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk eða lista myndirðu kjósal/líklegast kjósa? *

■ Samfylkinguna ■ Viðreisn ■ Flokk fólksins ■ Sjálfstæðisflokkinn ■ Miðflokkinn ■ Annan flokk/lista ■ Skila auðu/Myndi ekki kjósa ■ Óákeðin(n)



Hefur þú eða einhver þér nákominn orðið fyrir, eða mun verða fyrir á næstunni, ... áhrifum vegna verfallss kennara? *

■ Miklum áhrifum ■ Nokkrum áhrifum ■ Litlum áhrifum ■ Engum áhrifum




* Marktækur munur

Áhrif

Rúmlega 45% þeirra sem tóku afstöðu sögðu að þau eða einhver nákominn þeim hefði orðið fyrir, eða myndi verða fyrir á næstunni, nokkrum eða miklum áhrifum vegna verfalls kennara á meðan nær 55% sögðu litlum eða engum áhrifum.


Hefur þú eða einhver þér nákominn orðið fyrir, eða mun verða fyrir á næstunni, miklum, nokkrum, litlum eða engum áhrifum vegna verfalls kennara?



Konur eru líklegri en karlar til að segja sig eða einhvern nákominn sér hafa orðið fyrir, eða munu verða fyrir á næstunni, miklum áhrifum vegna verfalls kennara.

Greiningar

■ Miklum áhrifum ■ Nokkrum áhrifum ■ Litlum áhrifum ■ Engum áhrifum



* Marktækur munur

Spurt var:

- Kennrarar nokkurra skóla eru í verkfalli eða hafa boðað verfall á næstunni. Styður þú verfallsaðgerðir Kennarasambands Íslands eða styður þú þær ekki?
- Hefur þú eða einhver þér nákominn orðið fyrir, eða mun verða fyrir á næstunni, miklum, nokkrum, litlum eða engum áhrifum vegna verfalls kennara?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 7. til 17. nóvember 2024. Heildarúrtaksstærð var 1.668 og þátttökuhlutfall var 53,4%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason.